



Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar 1889-1949, fyrri hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Mannskaðinn af fiskiskipinu „Ingvari“ – Vilhjálmur Jónsson – Eiríkur S. Sverrisson – Jón Þorkelsson – Jón Tómasson – Margrét Blöndal – Ólafur Oddsson – Guðný Ottesen – Magnús Jóhannsson – Einar Benediktsson – Stúdentafélag Reykjavíkur – Háskóli Íslands – Stúdentafélag Íslands – Landsmálfelagið Vörður – Málfríður Gilsdóttir – Eimskipafélag Íslands

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-17, Örk 2



MANNSKAÐINN

AF

FISKISKIPINU

„INGVARI“

7. APRÍL 1906.

KVEÐJA VIÐ GRÖFINA.



Borgarín



Lag: Frelsisbæn Pólderja.

SOFID í friði; vorið blikfeld breiði
bjartan á yður, landsins góðu synir,
sorgbúnir koma' og krjúpa' að yðar leiði
klökkvir og daprir beztu tryggðavinir.
Guð sje með yður! Ljóssins englar allir
opna' yður sagurljósar sumarhallir.

Guð minn, jeg heyri gegnum brim í anda
grátþrungin andvörp djúp úr hafi stíga, —
sje yður eins og stoltar hetjur standa
sterkar á þiljum — og í valinn hniga.
Sárt er í æsku' að hniga' á heljarvegi
hjálpar að biðja í dauða og — finna eigi.

Bláliljan unir ein á fjörusandi
ástdaggir vorsins hægt á blöðum titra,
hún er að gráta lík, sem ber að landi,
ljómandi tár í krystallsperlum glitra; —
Grátin hún segir: „Vinir vors og ljóða,
velkomnir heim til föðurlandsins góða“!

Drottinn minn góði, hugga hvern, sem tárast
hjartnanna strengi bærðu, elsku faðir!
Hátt yfir gröf, er svíður bölið sárást
sólbjarminn skín — svo verum allir glaðir;
dauðinn er sá, er döpur augu grætir,
drottinn er sá, er friðar allt og kætir.

Farið þjer heilir heim til ljóssins sala!
Hjartkærar þakkir fyrir liðna daga!
Bæði frá strönd og djúpi hafssins dala
dánarljóð glymja' á hörpustrengjum Braga.
Ástin er djúp, — við grafreit grætur blærinn, —
grátperlur fellir jafnvel kaldur særinn.

Guðm. Guðmundsson.



HG

FELAGSPRENTSMIEJAN. — 1096.

Baldur Sveinsson.



VILHJÁLMUR JÓNSSON

CAND PHIL.

FÆDDUR 30. ÁGÚST 1870.

DÁINN 8. FEBRÚAR 1902.

Kveðja frá stúdentum.

I.

Lag: „Blomst kan visne for Sol gaan ned“.

Heilsast þögul við Ránar rönd
i rökkrinu nött og dagur;
hún sveipar harmblæjum haf og strönd, —
hann hverfur svo bljúgur og fagur.
En blástjarnan skær þó bjarma slær
á blæjurnar dökku.

Svo er nú, þar sem hrím og húm
þig hylur oss sjónum ungan. —
vonin drúpir við dánar-rúm
svo döpur og stynur svo þungan, —
hún syngur um fagurt sólarlag
og sofnar við barm þinn.

Einatt brást þjer þín bjarta von,
því brigðlynd hún reynist stundum, —
en þú varst árroðans einka-sou
með æskuna' og þróttinn í mundum;
og um þig er bjart, þótt hjarnið hart
nú hylji þig dáinn.

Vinir gráta hjer góðan dreng
með göfugu, tryggu hjarta,
viðkvæm ljeku þar lög um streng
og lifandi þrá til hins bjarta;
þú stefndir svo hátt, og i aðra átt
en almennt er snuið.

Aldrei máttir þú auman sjá
svo ekki þú vildir bæta;
glaður undir þú glöðum hjá,
pig gladdi að hugga og kæta. —
sem þakklætis gjöf færð þú nú gröf,
já, þetta' eru launin!

— — Aldrei skil jeg vorn skapadóm
nje skiptin á nött og degi;
dapur í herrans helgidóm'
jeg höfuð mitt beygi og þegi
og geymi minn harm við guðs míns barm
og gáturnar myrku. — —

Vef þú, fösturjörð, fast að þjer
í faðminum soninn kæra; —
hjá þjer, móðir, hann beinin ber,
ó, búðu' honum hvildina væra!
Sú döfin mun blið eptir dauðans strið,
hið dapra og langa.

Kveðjast aptur við röðuls rönd
i rósagliði nött og dagur;
hún deyr. — Hann brosir með blys í hönd
svo bjartur og ljúfur og fagur;
þá vaknar hvert blóm við hörpuhljóm
frá himneskum sölum.

Guðm. Guðmundsson.

Lag: Lyksalig, lyksalig hver Sjæl, som har Fred.

Pig kvökuðu flugléttu vonirnar við,
nú vængir þeirra magnlausir falla að hlið.

Á höndum sér bar hún þig hugsjónin ung,
í hennar stað kom dauðinn og vanheilsan þung.

Og ættjörðin frjáls var þér sárþráðust sjón,
nú sirgir útför þina vort hrimklædda Frón.

Þú þektir ei fegra en frjáslindi' i sál,
nú fækkar þeim um einn, sem er hugstætt það mál.

Það géða', er þú vildir ~~þó gera samfærni,~~
við geimum þinna vona og hugsjóna arf. -

Og auðnist því nokkrum af okkur að ná,
þá er þin minning starfandi bræðrunum hjá.

Nú þökkum við samvinnu' og þökkum þér alt,
er þögull dauðinn biður þér hvílurúm svalt.

En hlírra þú átt þér í hug okkur bú,
þar hafa fáir ljúfara sæti en þú.

FJELAGSPRENTSMÍDJAN.

Baldur Óveinszog.



EIRÍKUR S. SVERRISSON
cand. philos.

Fæddur 23. desember 1867

Dáinn 13. mai 1904

Lag: Komið er haust.

Kvöldsól mín kær,
kljúfðu nú skýin svo ljómandi skær,
láttu þinn gunnfána glóa,
grátendum fróa!

Brosandi blið
blikfeldi hjúpaðu grænkandi blið
bregð þú nú ljós-sveig um brána
bróður vors dána.

Vin minn eg sá
vorblómin dreymandi' og sumarið þrá
sjúkan, en barnglaðan, bliðan,
bljúgan og þýðan.

Síðast hann sa
sumarsins gullrönd við himininn blá,
himnesku strengjanna hljóma
heyrði hann óma.

* * *

Heiður sje þjer,
heiðurs-kraunz skinandi láttinn þú ber;
ofhátt skal lof þjer ei ljóða,
ljúfmennið góða!

Sáran jeg finn
sviðann og þungann um hjartastað minn
dapur jeg harma þig, hnigi
höfuð og — þegi.

Grætur við gröf
góðfræga konan þín, — elskunnar höf
ólgandi harmlöðri hjúpa
hjartað ið gljúpa.

Guð sje með þjer! —
Glitsveiga röðull á leiðið þitt ber,
skjaldborg það skreytir úr ljósum
skinandi rósum.

Guðm. Guðmunn Þorláksson.





Dr. Jón Þorkelsson

fyrv. skólastjóri

Fæddur 5. nóvember 1822.

Dáinn 21. janúar 1904.

Kveðja frá lærisveinum hans.

Lag eftir Á. Thorsteinsson.

NÚ syngur hópur þinn hægt og rótt;
Ó, hjartans þökk fyrir liðna daga!
Svo verði fögur og vær þín nött
sem var þín göfuga æfisaga.
Nú drúpir hver rós, —
þinn dagur ljós
er dáinn sem blóm í haga.

Það var þín ljúfasta lífsins þrá
að likna aumum og hjálpa snauðum;
því klökknar margur og byrgir brá,
sem burt til grafar þjer fylgir dauðum.

Hver vættur þins lands
þjer knýtir kranz
ur kærleikans blómum rauðum!

Jeg efast mjög um, að gangi' að gröf
jafn góður, vinsæll og hrekklaus maður

og þú, sem leiðst yfir lífsins höf
sem ljós á braut okkar hýr og glaður.

Hve ljúft fannst oss inn
við arinn þinn,
þar öllum var gr.ðastaður.

Jeg flyt þjer einlæga ástarþökk
frá öllum sveinunum fjærri og nærri.
— Þótt sýnist hvilan þín döpur, dökk,
i dýrð hún ljómar og prýði skærri, —

því elskunnar rós
svo ljúf og ljós
sjer lyptir þar björkum hærri.

Guðm. Guðmundsson.





Óðalsbóndi
Jón Tómasson
að Hjarðarholti

Fæddur 7. júní 1852
Dáinn 5. október 1922



Kveðja frá konu og börnum.

Prentsm. Acta

M Lag: Hve sælt hvert hús, er sinna meðal gesta.

MJER stöndum vjer með hulda sorg í hjarta
Og horfum eptir þjer, ó vinur kær;
Í skýjarofi blikar vonin bjarta
Og björtum geislum yfir leiðið slær.

Í táraperlum titrar geislarúnin,
Er tvinnast saman von og minning kær,
Sem sólarlag og svása morgunbrúnin
Við sólhvörf vorsins yfir landi hlær.

Svo var þitt líf sem langur sumardagur,
Og lífsins starf svo ríkt og auðnufyllt,
Með göfgu verki bættist heill og hagur,
Því hjartað var svo sterkt og þó svo milt.

Sú hetjulund, sem veitti veg til forna,
Svo vel þjer dugði' á nýrri brotaöld;
Í þjóðlifsbylting, þegar fór að morgna,
Þinn þátt þú tókst og barst æ hreinan skjöld.

Í dáð og prýði vannstu verk þín heima,
Svo visir hver sinn þroska' og blómgun hlaut;
Þú ljest til heilla lindir gleði streyma
Og ljúfa gerðir ætíð vora braut.

Pú treystir Guði' og gjörðir skyldu þína
Og gleðja vildir alla, og ljetta neyð;
Sú lofsæl minning mun oss ætíð skína
Og mikla huggun veita' á sorgarleið.

Þín föðurást með fastri' og mildri hendi
Oss fögnuð veitti' og styrk um æskuskeið,
Og betri en orð þín athöfn sjálf oss kendi,
Að auðnan sanna býr á skylduleið.

Sem tryggur maki' og trúr í orði' og verki
Þú taka vildir hverja byrði af mjer;
Þú stefndir fram að stóru' og göfgu merki,
Sem stöðugt blasti fyrir augum þjer.

Því kveðjum vjer og þökkum guði góðum,
Sem gaf oss unaðsríkan kærleik þinn.
Þig kveður vinafjöld i ljúfum ljóðum,
Og lítil mey, sem blessar afa sinn.

Fr. Fr.

Minningarstef

undir nafni tengdasonar hins látna.



DAUDINN er höggviss Mýramannakyni,
— mannleysan gleymist, drengs er aðeins saknað, —
svo harmur er að horfa á bak þeim vini,
sem hafði í hverri dagrenningu vaknað
til þess, að festa blóm að barmi móður
og breyta eyðimörk í lífsins gróður.

Ríkur í skapi og djarflyndur til dáða,
drengskapnum veittir örugt brautar-þengi,
mörgum varð gæfa að geyma þinna ráða,
sem gripin kunnu á hreina sálarstrengi.
Við helför þína brast í þáttum bandsins,
er bindur saman stofna fôðurlandsins.

Við gröf er háður hinsti loka þáttur,
er húmtjöld falla milli lífs og dauða,
en eftir lifir manndómsverka máttur,
sem minningunum skipa sætið auða.
Jeg veit þér eru fullar banabætur
að blunda í frónskri moldu. Góðar nætur!

B.

Innilegt þakklæti
fyrir hluttekninguna.



Margrét Blöndal

Fædd 7. marz 1881

Dái 2. sept. 1936



VERTU hjá mér, halla tekur degi,
herra, myrkrið kemur, dylst mér eigi.
Þegar enga hjálp er hér að fá,
hjálparlausra liknin, vert mér hjá.

Óðum sólin ævi minnar lækkar;
alltaf heimsins gleðiljósum fækkar;
breytist allt og hverfur þá og þá;
þú, sem aldrei breytist, vert mér hjá.

Kom þú ekki í konungsvaldi stríðu,
kom með þinni elsku, líkn og bliðu;
kom að hugga mig, er harmar þjá;
hæli syndarans, mér vertu hjá.

Þú mig tókst í faðm í fyrstu æsku;
fyrirleit ég tiðum þina gæzku;
aldrei þó mér sekum fórstu frá.
Fram til endans, herra, vert mér hjá.

Án þín glaða enga stundu lit ég,
án þín falla í hverju spori hlýt ég
heimsins dimmu og hálu brautum á.
Herra, í dimmu og björtu vert mér hjá.

Með þér geðrór mæti eg hverju fári,
með þér verður sæla í hverju tári;
skeyti dauðans skellsist ég ei þá.
Skjöldur minn, ó, Jesú, vert mér hjá.

Mitt við andlát augum fyrir mínum
upp, minn drottinn, haltu krossi þínum.

Gegnum myrkrið lífsins ljós að sjá
leyf mér, góði Jesú! Vert mér hjá.

Bend mér upp og ysir tjöldin skýja
upp mig tak. Lát jarðar myrkrin flýja
fyrir ljósi landinu engla frá. —
Í lífi og dauða, herra, vert mér hjá.

FÓTMÁL dauðans fljótt er stigið
fram að myrkum grafar reit;
mitt er hold til moldar hnigið
máske fyrr en af ég veit.
Heilsa, máttur, fegurð, fjör
flýgur burt sem elding snör.
Hvað er lísið? Logi veikur,
lítill bóla, hverfull reykur.

Enginn tími, enginn staður,
enginn hlutur dauða ver.
Bú þig héðan burt, ó, maður,
brautar lengd þú eigi sér.
Vera má, að vegferð sú
verði skemmri en ætlar þú.
Æskan jafnt sem ellin skundar
eina leið til banastundar.

Margur einn í aldurs blóma
undi sæll við glaðan hag,
brátt þá fregnin heyrðist hljóma:
Heill í gær, en nár í dag.
Ó, hve getur undra skjótt
ysir skyggt hin dimma nött!
Fyrir dyrum dauðans voða
daglega þér ber að skoða.

Því skal ráð i tíma taka,
tíminn biður ekki neitt;
því skal biðja, því skal vaka
þessa stund, sem enn er veitt.
Næsta stundin óviss er,
eigi er víst hún gefi þér
frest til annars en að heyja
andlátsstriðið, sofna og deyja.

Drottinn, þegar þú mig kalla
þessum heimi virðist frá,
hvar sem loksns fæ ég falla
fótskör þína liðinn á,
hlísi sálu hjálpráð þitt,
hold i friði geymist mitt,
unz það birtist engla liki
ummyndað í dýrðar ríki.

Alúðar þakkar fyrir
auðsýnda samúð.



Ólafur Oddsson

Ijósmýndari.

Fæddur 29. febrúar 1880

Dáinn 23. mars 1936



Ahendur fel þú honum,
sem himna stýrir borg,
það alt, er áttu' í vonum,
og alt, er veldur sorg.
Hann bylgjur getur bundið
og bugað storma her;
hann fótstig getur fundið,
sem fær sje handa þjer.

Ef vel þú vilt þjer liði,
þín von á guð sje fest.
Hann styrkir þig í striði
og stjórnar öllu best.
Að sýta sárt og kvíða,
á sjálfan þig er hrís.
Nei, þú skalt biðja' og biða,
þá blessun guðs er víz.

Ó, þú, minn faðir, þekkir
og það í miskunn sjer,
sem hagsæld minni hnekkir,
og hvað mjer gagnlegt er;
og ráð þitt hæsta hlýtur
að hafa framgang sinn,
því alt þjer einum lýtur
og eflir vilja þinn.

Þig vantar hvergi vegi,
þig vantar aldrei mátt,
þín bjargráð bregðast eigi
til bóta' á einhvern hátt.
Þitt starf ei nemur staðar,
þín stöðvar enginn spor,
af himni' er þú þjer hraðar
með hjálp og likn til vor.

Mín sál, því örugg sjertu,
og set á guð þitt traust.
Hann man þig, víz þess vertu,
og verndar efalaust.
Hann mun þig miskunn krýna;
þú mæðist litla hrið;
þjer innan skamms mun skína
úr skýjum sólin blið.

B Æ N.

HÍN minning skal vaka svo hrein og heið,
þótt hjer sje nú enduð þín saga.
Og guði sje lof fyrir lífs þíns skeið,
hann leiði þig alla daga,
um kærleikans heimahaga.

Ó, vinur minn horfni jeg þakka þjer,
jeg þakka þjer okkar kynni,
og gjasírnar allar sem gafstu hjer.
Og göfgin í sálu þinni –
hún hverfur ei mjer úr minni.

Til guðs vil jeg leita í bæn. Jeg bið,
hann beini þjer þroskans vegi,
og opni þjer æðri og æðri svið,
svo eilifð þín verða megi,
að ljómandi dýrðlegum degi.

JEG lífi' og jeg veit, hve löng er mín bið:
Jeg lífi' uns mig faðirinn kallar;
jeg lífi' og jeg bið, uns jeg leysist í frið;
jeg lífi sem farþegi sjóinn við,
uns heyri' eg að herrann mig kallar.

Jeg dey og jeg veit, nær dauðann að ber:
Jeg dey, þegar komin er stundin;
jeg dey, þegar ábati dauðinn er mjer,
jeg dey, þegar lausnin mjer hentust er
og eilifs lífs uppsprettá' er fundin.

Jeg ferðast og veit, hvar míni för stefnir á:
Jeg fer til guðs himnesku landa;
jeg fer, uns jeg verð mínum frelsara hjá
og framar ei skilnaðar sorgin má
nje annað neitt ástvinum granda.

Jeg lífi nú þegar í drotni í dag,
jeg dey, svo að erfi jeg lísið;
jeg ferðast móti eilifum unaðarhag.
Hví er þá míni sál ei með gleðibrag?
Jeg á þegar eilifa lísið.

Innilegar þakki fyrir
sýnda hluttekninguna.



Guðný Ottesen

Fædd 5. október 1863

Dán 11. september 1937



Framleidda Áglist "Sigurðssánn"

Ó blessuð stund, er burtu þokan liður,
sem blindar þessi dauðleg augu vor,
en æðri dagur, dýrðarskær og bliður,
með drottins ljósi skín á öll vor spor!

Ó blessuð stund, er sjerhver rún er ráðin
og raunaspurning, sem mjer duldist hjer,
og jeg sje vel, að viskan tóm og náðin
því veldur, að ei meira sagt oss er!

Ó blessuð stund, er stillast skulu sárin
og stöðvast óp og kvein hins þjáða manns,
og loksns þverra þungu sorgar tárin
og þorna fyrir geislum kærleikans!

Ó blessuð stund, er sál míن fær að segja:
Jeg sje ei framar gegnum þokugler!
Ó, blessuð stund, er fæ jeg hnje að hneigja
og herrann sjálfan loks mitt auga sjer!

Ó blessuð stund, er burt er syndin illa
og brotinn liggar dauðans grimmi hjör
og drottins sali frjálsir andar fylla
með frið og sælu kraft og eilift fjör!

Ó blessuð stund, er hátt í himinsöldum
minn hjartans vin jeg aftur fæ að sjá
og við um okkar æsi saman tölum,
sem eins og skuggi þá er liðin hjá!

Ó guð minn, vek þá hugsun mjer í huga
við hverja neyð og sorg og reynslusár;
þá styrkist jeg og læt mig ból ei buga
og brosið skín í gegnum öll mínn tár.

HÆRRA, minn guð, til þín.
Hærra til þín;
enda þótt öll sé kross
upphefðin min;
hljóma skal harpan mínn;
::: hærra, minn guð, til þín, :::
hærra til þín!

Villist jeg vinum frá
vegmóður einn,
köld nótt sje kring um mig,
koddi minn steinn;
heilög skal heimvon mínn,
::: hærra, minn guð, til þín, :::
hærra til þín!

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilifa
alföður-skaut.
Hljómi svo harpan min,
::: hærra, minn guð, til þín, :::
hærra til þín.

Árla jeg aftur ris
ungur af beð.
Guðs hús á grýttri braut
glaður jeg hleð.
Hver og ein hörmung mínn
hefur mig, guð, til þín,
hærra, minn guð, til þín
hærra til þín.

Lyfti mjer langt i hæð
lukkunnar hjól,
hátt ysir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan míن,
::: hærra, minn guð, til þín, :::
hærra til þín!

Innilegar þakkir fyrir
auðsýnda samúð.



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10 ÁRA AFMÆLI ÍPRÓTTA VALLARINS

1911—11. JÚNÍ—1921

Lag: Ó, fögur er vor fösturjörd.

*Að kröfum fjörs og þreks og þors
var þessi völlur numinn;
þá gekk und merkjum vona' og vors
að verki sjerhver guminn.
Ei söng i stáli' og sókn þó heit,
með seigju, kappi' og ráðum,
uns þjóðin auðsæ leiftur leit
í leik — af fornnum dáðum.*

*Með styrkum vilja, hreifum hug
skal heilsa nýjum tíma
og mjúkt við annan áratug
með undir tökum glíma,
og sýna skyldu sprettir, spörk
og spyrnur næstu ára
að litið beri' á Birni í Mörk,
en betur Hjeðni og Kára.*

J. Th.

Afmaelisfagnaður

Benedikts Sveinssonar

2. desember 1937.



Matseðill.

Sípu.

Kaldur lax.

Steikt kálfsskjöt.

Abatir.

Kaffi.

Hotel Island

Prntsmldja ... a Sigurðssonar

Borðseðill

á fimtugasta afmælisdegi

Einars Benediktssonar

31. október, Hótel Reykjavík, 1914



Blómkálssúpa

Skjalðbaka

Dilkasteik
&
Kartöflur

Ís

Kaffi

Ísafoldarprents miðja

Studentafslag Reykjavíkur

Fullveldisháttíð

1. desember 1928.

Menu.



Potage crème d'asperges.

Poisson à la Bellevue.

Noir de veau et légumes.

Parfait.

Mosca.

Hotel Island.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rektor Háskóla Íslands Alexander Jóhannesson
og háskólaráð leyfa sér að bjóða yður
herra bókavörðus Benedikt Sveinsson
að vera vidstaddir viðslu háskólabyggingarinnar.

ad vera vidstaddir vigslu háskólabýggingarinnar,
er fer fram 17. júni næsth. kl. 2³⁰ e. h.

Øskad er eftir, at gestir komi milli kl. 2 og 2²⁵.

Háttíðarbúningur.

Ivar ískast fyrir 10. júní til skrifstofu háskóla (sími 3372).

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar Ókastvýnd einkasgarðar, Reykjavíkur

STUDENTAFELAG HÁSKÓLANS

RÚSSAFAGNAÐUR

1942



RÚSSAGILDISLJÓÐ 1935.

Lag: Vermalandsvísur.

Þú kæri litli Rússi, sem kemur nú til vor
með kvedjuorð frá Sigurði og Pálma,
nú eignum við að kenna þér að feta fyrstu spor
við funheitt púns og öl og drykkjusálma.

Viðlag:

Já, sitjið heilir, bræður, við bergjum ykkar skál
og bjóðum ykkur velkomna af bæði lífi og sál,
en Alma mater blessti oss, - og Bakkus!

Þú átt að hitta Thóroddsen og Ólaf karlinn Lár
og Árna Páls og Steffensen og Manga,
en fyrst af öllu verður þú að fá þér lítið tár
í Fakultetið skaltu síðan ganga.

En reyndar máttu lára þér svo lengi sem þú vilt
og láta alla vekjarana begja,
að kúra í bókum alltaf er engum manni skylt
og ekki neitt við skrópinu að segja.

En varaðu þig á kvenfólkinu, kæri vinur minn,
því konur gírnast stúdenta sem aðra,
og kvennafarið eyðileggur kannske heiður pinn,
en kerlingarnar skæðar með aðslaðra.

Því stelpur sækja á þig, líkt og abessínskur her
nú, eða sjálfur fjandinn Kólumkilli,
og strax á fyrsta vetri þær þjarma fast að þér,
og það er verra en nokkurt "Rússa-gilli".

Að peningarnir eyðast og flýja okkur frá
er ferlegast af öllu böli voru,
en vertu bara kjöftugur og slyngur við að slá,
þá slæðist til þín finnm-kall öðru hvoru.

En reyndu svo að geyma þína glöðu stúdentslund,
þótt gangi stirt með eksamen og gróða,
sem studiosus perpetuus alla æfistund,
ver aðdáandi kvenna, víns og ljóða.

rjóh.

RÚSSAGILDISLJÓÐ 1942.

Þú ungi, hrausti stúdent, sem hingað komst í haust
með húfu úr Menntaskólanum og vísdóm efalaust;
veistu það, að æskan er það vor, er bjartast skín?
Og veistu það, að æskufjör er krafan til þín?
Að vínið er gjöf frá guði til vor
til að gleðja vora sálu og léttu okkar spor.

Finnurðu ekki í brjóstinu funa heita þrá?

- Farðu breiða veginn af því svona stendur á.
Seinna máttu iðrast og sættast guð þinn við.
- Sérðu ekki að gleðin bíður við þína hlið?
Gríptu hana, - gríptu hana fljótt
því geislarnir peir hverfa og svo kemur nótt.

Já, stúdentsárin fölna svo fljótt, - en hvað um það?
Fagnaðu á meðan þú og vorið fylgjast að,
kysstu þínar gyðjur með gullið sólskinshár,
glösum skaltu klingja meðan í þeim er tár.
Drekktu, - drekktu með dýrð og gleði í sál
því dagarnir peir líða fyrr en varir. - Skál!

E.

Sálmur yfir víni.

Guð lét fögur vínber vaxa,
vildi gleðja' dapran heim.
Gefið hafði' ann gnægðir axa,
góðar hjarðir, nógan seim.
Preyttust menn við bú að baxa,
blóðið varð svo dökt í þeim.
Þá lét drottinn víne vaxa,
vildi gleðja dapran heim.

Gleðjist, sagði' ann, gullnar veigar
gera blóðið rauðt og létt;
undan þeim hið illa geigar
ef að þeirra' er notið rétt.
Angur, preyta' og illir beygar
undan flýja' á harða sprett.
Gleðjist, sagði' ann, gullnar veigar
gera blóðið rauðt og létt.

HÁTÍDAHÖLD

25. ára stóðenta 1926

29. júní 1901 - 29. júní 1926.

-
29. júní kl. 7-1/2: Boð hjá Gunnl. Claessen.
30. júní kl. 1: Skólauppsögn (allir kjólklaðdir).
- Skólanum afhent gjöf frá stóðentum.
- " " " 4-5: Eftir skólauppsögn tekin mynd.
- " " kl. 7: Fundur eldri og yngri stóðenta.
- Samanti (kjólklaðdir) í Frimúrarastúkunni
- I. júlí kl. 10-1/2: Förf stóðenta með komum til Þingvalla.
- (Hittast hjá Rosenberg).
- " " kl. 1: Miðdegisverður í Valhöll.
- " " kl. 9: Kvöldverður.
2. " kl. 7-1/2: Boð hjá Magnúsi Sigurðssyni.

Landsmálagéfagið

Vörður

--

Reykjavík, 19. okt. 1948.

Kæri félagi.

Fundur verður haldinn í Landsmálagélaginu
Verði föstudaginn 22. október í Sjálfstæðishúsinu
við Austurvöll, kl. 8,30 siðd.

Bjarni Benediktsson, utanríkisráðherra, verður
málshefjandi um stjórnmálaviðhorfið.


Að lokinni framsögumæðu verða frjálsar umræður.

Varðarfélagar! Mætið vel og stundvislega á
fundinn og takið með ykkur kunningja ykkar til þess
að kynna þeim málefni félagsins og auka útbreiðslu
Sjálfstæðisstefnunnar.

Með félagskveðju,

f.h. stjórnar Varðar,

Páll Þórðarson



Benedikt Sveinsson
Skólavörðustíg 11, R.

Fermingarvottord

Samkvæmt fermingarskiðslu ír Borgar-
prestahalli í Myra-prófastsdæmi árið 1896
undirskrifadri af séra Einarí Fridgeirssyni 2.jan.'97, er
Malfríður Gilsdóttir
talin..... fædd 8. október 1881 og bólusett 7. júlí 1889.

þjóðskjalasafnið, Reykjavík, 25. september 1942.

Benedikt Sveinson.



Fermingarvottord

Samkvæmt fermingarshjálslu ír Borgars-
prestahalli i Nýra-prófastsdæmi árið 1896
undirskrifadri af síra Einarí Fridgeirssyni 2. jan. 1897, er
Nálfridur Gilsdóttir
talin fædd 8. október 1881 og bólusett 7. júlí 1889.

Þjóðskjalasafnið, Reykjavík, 25. september 1942.

Benedikt Guðnason.



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. atkvæðagreiðsla

70

atkv.

2. atkvæðagreiðsla

70

atkv.

3. atkvæðagreiðsla

70

atkv.

4. atkvæðagreiðsla

70

atkv.

5. atkvæðagreiðsla

70

atkv.

6. atkvæðagreiðsla

70

atkv.

7. atkvæðagreiðsla

70

atkv.

Kosning varaendurskoðanda

70

atkv.

Kosning endurskoðanda:

70

atkv.



Kosning endurskoðanda:

6

atkv.

1. atkvæðagreiðsla

6

atkv.

2. atkvæðagreiðsla

6

atkv.

3. atkvæðagreiðsla

6

atkv.

4. atkvæðagreiðsla

6

atkv.

5. atkvæðagreiðsla

6

atkv.

6. atkvæðagreiðsla

6

atkv.

7. atkvæðagreiðsla

6

atkv.

Kosning varaendurskoðanda

6

atkv.

H.f. EIMSKJPAFÉLAG ISLANDS,
REYKJAVIK.

Herra bókavöður Benedikt Sveins
landsbókasafnið.

Björn